



OYSTER PERPETUAL  
DATEJUST

**ROLEX**

**M**

MICHELSEN  
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.michelsen.is

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 25. febrúar 2015 | 8. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

VIÐ **ELSKUM**  
UMHVERFIÐ!



**Guðjón Ó**

## MARKVISS KAUPSTEFNA Í MIÐRI REYKJAVÍK

- Á fimmta hundrað erlendir gestir koma á HönnunarMars
  - Árleg velta hátíðarinnar er 30 milljónir króna
  - Verkefnisstjóri hátíðarinnar segir eigin tekjur vera að aukast
- SÍÐA 6**



## Næstum tveir milljarðar

Áætlað er að neytendur hafi greitt 1.870-1.880 milljónir í endurvinnslugjald fyrir einnota drykkjarvöruumbúðir á árinu 2014. Af því endurgreiddi endurvinnslan um 1.636 milljónir króna, samkvæmt upplýsingum frá Helga Lárussyni, framkvæmdastjóra Endurvinnslunnar. „Við erum með eitt allra besta skilahlutfall í heimi, miðað við það sem kemur í gegnum skilakerfi,“ segir Helgi.



→ **SÍÐA 2**

## Búast við minni hagnaði

Þótt hagnaður af reglulegri starfsemi Íslandsbanka hafi aukist um 2,68 milljarða króna á milli ára er þriðjungur af 22,8 milljarða hagnaði enn vegna óreglulegra liða. Áfram verður unnið markvisst að hagræðingu. Birna Einarsdóttir bankastjóri leggur áherslu á að verulega hafi dregið úr rekstrarkostnaði bankans að undanförunu. Það hafi orðið fjögurra prósentu raunlækkun á liðnu ári en 20 prósentu lækkun þegar liðið er til síðustu þriggja ára.

→ **SÍÐA 4**

## Lék í meistaraflokki Völsungs



Sigbór Jónsson, nýr framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa, er mikill íþróttamaður. Hann spilaði knattspyrnu með Völsungi og hefur nokkrum sinnum hlaupið maraþon. „Íslensk verðbréf eru afar spennandi félag. Það rekur sögu sína allt til ársins 1987 og hefur á þessum tæplega þrjátíu árum náð sterkri stöðu í eignastýringu á íslenskum fjármálamarkaði,“ segir Sigbór, spurður um nýja vinnustaðinn sinn.

→ **SÍÐA 8**

## STJÓRNAR- MAÐURINN

@stjornarmadur

og hringlandahátt frá hrúni.

Kröfuhafar bankanna hafa þurft að búa við stöðugar lagabreytingar

→ **SÍÐA 12**

## Fríar sjónmælingar með öllum seldum gleraugum

Tímamantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind, 5288500

Optical Studio í Keflavík, 4213811

Optical Studio í Leifsstöð, 4250500

**Optical Studio**  
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

# Glórulaust Kaupingslán

Skjóðan

**RITSTJÓRI** Morgunblaðsins upplýsti í Reykjavíkurbrefti helgarinnar um að það hafi ekki verið ákvörðun hans að lána Kaupþingi rúman helming gjaldeyrisforða Seðlabankans 6. október 2008 heldur hafi það verið vilji ríkisstjórnar Geirs H. Haarde að lána Kaupþingi. Þetta er án efa rétt munað hjá ritstjóranum. Davíð Oddsson hafði um árabíl borið kala til stjórnenda Kaupþings og m.a. við eitt tækifæri hótað stjórnarformanni bankans að fella hann og því langsótt að hann hefði frumkvæði að því að lána bankanum gjaldeyrisvaraförðann. Ljóst er að lánveitingin var engu að síður á forræði og ábyrgð Seðlabankans.

**ATHYGLISVERT ER** að Davíð lætur þess getið að eng-

inn hafi spurt hann að því hvað þeim Geir fór fram í frægu símtali. Starfaði ekki heil rannsóknarnefnd á vegum Alþingis í meira en ár að rannsókn á aðdraganda og orsökum bankahruns? Sá sú nefnd aldrei ástæðu til að spyrja seðlabankastjórnann um tildrög þess að gjaldeyrisforðinn var lánaður í næstum heilu lagi sama dag og neyðarlögin voru sett?

**LÁNVEITINGIN** hefur verið gagnrýnd sem og að veð skyldi tekið í FIH-bankanum danska. Þetta veð þótti mjög traust á þessum tíma og FIH-bankinn stóð af sér hrúnið og stendur enn. Margt bendir til þess að tapið sem Seðlabankinn varð fyrir vegna lánveitingarinnar stafi af því að þar innandyrá hafi mönnum verið mislagðar hendur við að koma FIH-

bankanum í verð fremur en að veðið hafi reynst ótraust.

**LÁNIÐ TIL** Kaupþings var glórulaust og Seðlabankinn hefði aldrei átt að veita það. Neyðarlögin sem voru samþykkt að kvöldi 6. október, sama dag og lánað var, breyttu kröfuhafaröð íslensku bankanna og Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, hefur greint frá því að setning neyðarlaganna hafi verið sá örlagaatburður, sem felldi Kaupþing.

**BÆÐI** forsætisráðherrann og seðlabankastjórinn vissu nákvæmlega hvað fólst í setningu neyðarlaganna. Stjórnendur bankanna þekktu hins vegar ekki til innihalds þeirra. Með því að setja innistæðueigendur fram fyrir aðra kröfuhafa var verið að

brjóta gróflaga gegn skilmálum í útgefnum skuldabréfum bankanna, sem voru þegar í stað gjaldfeld. Kaupþing átti aldrei minnsta möguleika á að standa af sér hrúnið eftir að neyðarlögin voru samþykkt. Þetta máttu Davíð og Geir vita. Enn er þeirri spurningu þó ósvarað hvort þeir gerðu sér grein fyrir afleiðingum gjörða sinna. Vinnubrögð virðast hafa verið undarleg við þessa lánveitingu af hálfu Seðlabankans. Hreiðar Már hefur til að mynda greint frá því að lánið var millifært til Kaupþings eftir símtal milli hans og Davíðs, áður en búið var að ganga frá lánasamningum eða veðsetningu.

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**8**  
Á UPPLEIÐ  
Félög sem hækkuðu í verði

**4**  
Á NIÐURLEIÐ  
Félög sem lækkuðu í verði

**2**  
STÓÐU Í STAÐ  
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**NYHERJI**  
33,2% frá áramótum

**ÖSSUR**  
5,9% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**BANK NORDIC**  
-3,8% frá áramótum

**NYHERJI**  
-4,7% í síðustu viku

### Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	100,0	-3,8%	0,0%
Eimskipafélag Íslands	234,50	-1,1%	-1,7%
Fjarskipti (Vodafone)	39,15	11,9%	2,2%
Hagar	42,80	5,8%	0,2%
HB Grandí	38,55	14,1%	2,1%
Icelandair Group	21,25	-0,7%	0,5%
Marel	146,50	6,2%	-3,9%
N1	24,90	7,3%	3,3%
Nýherji	6,90	33,2%	-4,7%
Reginn	14,30	5,5%	0,0%
Sjóvá	12,35	3,3%	-0,4%
Tryggingamiðstöðin	27,85	5,9%	0,7%
Vátryggingafélag Íslands	9,54	5,4%	1,8%
Össur	430,00	19,1%	5,9%
<b>Úrvalsvisitalan OMX18</b>	1.366,03	4,2%	-0,6%
<b>First North Iceland</b>			
Century Aluminum	3.300,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	25,00	10,6%	0,0%
Sláturfélag Suðurlands	1,85	0,0%	0,0%

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan  
dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 25. FEBRÚAR**  
Hagstofan – Vinnumarkaður í janúar 2015  
Reginn hf. – Ársuppgjör N1 – Ársreikningur 2014  
HB Grandí – Fjórði fjórðungur 2014

**FIMMTUDAGUR 26. FEBRÚAR**  
Hagstofan – Visitala neysluverðs í febrúar  
Landsbankinn hf – Afkoma ársins 2014.

**FÖSTUDAGUR 27. FEBRÚAR**  
Hagstofan – Nýskráningar og gjaldþrot í janúar 2015

**MÁNUDAGUR 2 MARS**  
Hagstofan – Þjónustuviðskipti við útlönd á fjórða fjórðungi 2014

**ÞRIÐJUDAGUR 3. MARS**  
Hagstofa Íslands – Gistinætur og gestakomur á hótélum í janúar 2015

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

# Greiddu hátt á annan milljarð fyrir umbúðir

Áætlað er að neytendur hafi greitt á bilinu 1.870–1.880 milljónir króna í endurvinnslugjald fyrir einnota drykkjarvöruumbúðir á síðasta ári. Endurvinnslan greiddi um 1.636 milljónir króna til baka.

Áætlað er að neytendur hafi greitt á bilinu 1.870–1.880 milljónir króna í endurvinnslugjald fyrir einnota drykkjarvöruumbúðir á árinu 2014. Af því endurgreiddi endurvinnslan um 1.636 milljónir króna, samkvæmt upplýsingum frá Helga Lárussyni, framkvæmdastjóra Endurvinnslunnar.

Samkvæmt 1. grein laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur skal leggja skilagjald á drykkjarvörur í einnota umbúðum úr stáli, áli, gleri og plastefni.

Samkvæmt 3. grein sömu laga skal endurgreiða neytendum skilagjald við móttöku á notuðum skilagjaldsskyldum umbúðum.

„Við höfum verið með eitt allra besta skilahlutfall í heimi miðað við það sem kemur í gegnum skilakerfi,“ segir Helgi.

Helgi segir að endurgreiðslur hafi hækkað örlítið á árinu sem leið því skilagjaldið fór úr fjórtán krónum í fimmtán. „Þannig að það jókst sem því nemur auk þess sem Íslendingar virðast vera farnir að drekka aðeins meira eftir hrún. Það hefur því verið aukning í sölu þessara umbúða og líka er hluti af aukningunni kominn þannig til



ENDURVINNSLAN Það er jafnan mikið að gera á móttökustöð Endurvinnslunnar á Dalvegi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

að 1. janúar 2014 var Fríhöfninni skylt að greiða skilagjald af því sem kemur í gegnum móttökufríhöfnina,“ segir Helgi.

Helgi segir að Endurvinnslan selji ál og plast til útlanda en glerið sé erfiðara viðfangsefni. „Það fæst ekkert fyrir gler og tiltölulega einfalt að búa til gler,“ segir hann. Það sé af sem áður var þegar glerið var fjölnota og tekið inn og þvegið. „Þá var mannskapur sem tók tyggjóklessur upp úr gler-

inu og þetta var sett í lút. Það eru nánast öll lönd hætt þessu. Mjög fá lönd eru með margnota gler,“ segir hann. Glerið er því notað í landfyllingu.

Í fyrra seldi Endurvinnslan til útlanda 1.590 tonn af endurvinnslu legu plasti og 810 tonn af áli. Þá segir Helgi að viðskiptavinir hafi komið með 66 tonn af plastpokum á móttökustöðvar á Dalvegi og í Knarrarvogi sem sendir voru í endurvinnslu. jonhakon@frettabladid.is



## ER ÞITT FYRIRTÆKI Á FLUGI?

NJÓTTU MEIRI HLUNNINDA OG GERÐU FYRIRTÆKJASAMNING VIÐ ICELANDAIR

ICELANDAIR

**BMW Efficient Dynamics**  
Less emissions. More driving pleasure.

BMW X5



www.bmw.is

Sheer  
Driving Pleasure



# AKTU ALVÖRU JEPPA Á HVAÐA VEGI SEM ER.

**NÝR BMW X5 25d DÍSIL xDRIVE.**

Þriðja kynslóðin af BMW X5 og sú glæsilegasta hingað til er með sparneytnari vélar en nokkur annar bíll í þessum stærðarflokki. Nýr X5 25d xDrive er léttari, með lægri loftmótstöðu og með 218 hestafla díslivél og 8 gíra sjálfskiptingu og notar hann einungis 5,8 l/100 km. í blönduðum akstri.

**Aktu framförum - kynntu þér nýjan BMW X5.**

**BMW X5 25d xDrive. Verð frá 10.990.000 kr.:** Steptronic 8 þrepa sjálfskipting – 18" álfelgur lykillaus gangsetning – rafdrifinn afturhleri – rafdrifin framsæti með minni fyrir ökumann – nálgunarvarar bakkmyndavél – handfrjáls Bluetooth símabúnaður – 6,5" litaskjár

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is



# Hagnaðurinn mun dragast saman

**Þriðjungur af hagnaði Íslandsbanka skýrist af eignasölu og breytingum á virðismati. Hagnaður af reglulegri starfsemi jókst um 2,68 milljarða króna á milli ára. Starfsfólki fækkar og áfram er stefnt að hagræðingu.**

Hagnaður af reglulegri starfsemi Íslandsbanka nam 14,85 milljörðum króna á síðasta ári en heildarhagnaður bankans eftir skatta nam 22,75 milljörðum króna. Mismuninn má rekja til einkisþilnaða, aðallega breytingar á virðismati eigna en einnig hagnað af sölu á fyrir-tækjum. Heildarhagnaðurinn er um 319 milljónum króna minni en fyrir árið 2013. Hagnaður af reglulegri starfsemi eykst hins vegar um 2,68 milljarða króna.

Á fundi Birnu Einarssdóttur, forstjóra Íslandsbanka, og Jóns Guðna Ómarssonar fjármálastjóra með blaðamönnum í gær kom fram að þessir tveir þættir hafi sífellt minni áhrif á afkomu bankans og því megi búast við að ekki sjáist jafn háar tölur um hagnað á næstu árum og gerist nú. Birna bendir á að virðisbreyting eigna sé nú 7,8 milljarðar en hafi verið 18 milljarðar í fyrra. „Það er að komi meiri víska í safnið,“ segir Birna og bendir á að þetta eigi eftir að fjara út með tímanum.

Ný útlán Íslandsbanka jukust úr 100 milljörðum króna árið 2013 í 165 milljarða á síðasta ári. Birna segir að nýu mánaða uppgjör bankanna hafi bent til þess að Íslandsbanki hafi aukið markaðshlutdeild sína í útlánum. Hún biði svo eftir því að sjá ársuppgjör hinna bankanna til að fá þessa tilfinningu sína staðfesta.

Birna leggur áherslu á að veru-

lega hafi dregið úr rekstrarkostnaði bankans að undanförmum. Það hafi orðið fjögur prósent raunlækkun á liðnu ári en 20 prósent lækkun þegar litið er til síðustu þriggja ára. „Þetta hefur verið heljarinnar verk, bæði 250 starfsmenn sem við höfum fækkað um á undanförmum þremur árum og einföldun á starfseminni hvar sem við höfum getað. Þessi verkefni eru enn þá í gangi,“ segir Birna. Búist er við því að starfsmönnum bankans muni fækka um tíu prósent á næstu árum.

Þá segir hún að vaxtamunur bankans hafi lækkað frá fyrra ári og sé nú að ná jafnvægi í þremur prósentum. „Hann var mjög hár fyrstu árin eftir hrun vegna þess að hluti af því var tengt því að það var svo mikið misvægi á milli innlámsvaxtanna á lánum sem við vorum að taka yfir í íslenskum krónum og svo var stórt hluti af erlendum lánum á erlendum vöxtum,“ útskýrir Birna. Hluti af matinu á lánasafninu hafi falist í því að jafna þetta eins mikið og hægt væri. Þessi mismunur hafi því verið inni í vaxtatekjum fyrstu árin en síðan jafnast út. „En við sögðum alltaf á þessum fundum að við höldum að þetta verði í þremur prósentum,“ segir hún.

Spurð hvort góð afkoma bankans verði til þess að hægt verði að minnka vaxtamun en frekar eða lækka gjöld á viðskiptavinum segir



**UPPGJÖRÐ KYNNT**  
Búist er við því að starfsmönnum bankans muni fækka um 10 prósent til viðbótar.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## HAGNAÐUR ARION JÓKST UM 126 PRÓSENT



**HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON**

Hagnaður Arion banka eftir skatta nam 28,6 milljörðum en var 12,7 milljarðar árið á undan. Eykst hann því um 126 prósent. Hagnaður af aflagðri starfsemi, einkum sölu á hlut í HB Granda, nam 6,8 milljörðum króna samanborið við 0,4 milljarða árið 2013 og hrein virðisbreyting eigna er jákvæð um 2,1 milljarð en var neikvæð um 0,7 milljarða árið á undan.

Höskuldur Ólafsson bankastjóri segir í tilkynningu að áhrifa óreglulegra liða muni gæta í minni mæli á næstu misserum enda góður stöðug-

Birna að nú þegar óreglulegir liðir detti út sé horft til þess að styrkja frekar undirliggjandi rekstur bankans. „Mér finnst ég ekki vera komin þangað sem ég vil vera með

hann. Þannig að það er töluvert erfitt í því. Við erum bara að vinna að því. Við erum að vinna að einföldun í kerfunum okkar og að sjálfsögðu vonum við að við getum skilað því.

En það er þó þannig að það er mikil samkeppni á útlánamarkaði,“ segir Birna og bendir á að þessi samkeppni komi viðskiptavinum bankans til góða. [jonhakon@frettabladid.is](mailto:jonhakon@frettabladid.is)



## Skýr stefna er eitt en framkvæmd stefnu skiptir ÖLLU MÁLI

### 4Dx örnámskeið og reynslusögur íslenskra stjórnenda, 6. mars 2015

Lærðu áhrifarika og margreynda aðferð við innleiðingu á raunverulegum og varanlegum hegðunarbreytingum. Heyrðu forstjóra Ölgerðinnar og Vodafone lýsa því hvernig stjórnendateymin þeirra hafa nýtt sér aðferðarfræðina til að auka árangur sinn. FranklinCovey hefur á undanförmum áratug þróað skilvirka aðferðarfræði (The 4 Disciplines of Execution – 4Dx) til innleiðingar á stefnumótandi breytingum í fyrirtækjum. Expectus og FranklinCovey á Íslandi hafa á undanförmum þremur árum unnið með íslenskum fyrirtækjum að þjálfun stjórnenda og innleiðingu á aðferðarfræðinni. Við bjóðum stjórnendum og þeim sem bera ábyrgð á árangri fyrirtækja og stofnana að sækja morgunvund til að kynna þessari áhrifamiklu aðferð við að snúa orðum í athafnir og ná framúrskarandi árangri í rekstri.

#### Stund:

Föstudaginn 6. mars 2015  
9:00 til 12:00

#### Staður:

Nordica Hótel, Salur H

#### Þáttakendur:


Stjórnendur íslenskra vinnustaða og þeir sem bera á ábyrgð á að árangur náist.

#### Verð:

ISKR 19.900.-

#### Innifalið:

Innifalið í skráningargjaldi er metsölubókin **The 4 Disciplines of Execution**, þriggja klukkustunda örkynning á aðferðarfræði FranklinCovey um innleiðingu stefnu, tveggja tíma einkafundur með ráðgjafa í kjölfar námskeiðsins auk aðgangs að ítarefni á sérstakri vefsíðu og morgunverður.



#### Sérfræðingar á sviði innleiðingar stefnu

Ráðgjafar Expectus hafa unnið með aðferðarfræði FranklinCovey við innleiðingu stefnu sl. þrjú ár með athyglisverðum árangri.

**Kristinn T. Gunnarsson** ráðgjafi og framkvæmdastjóri hjá Expectus, er einn reynslumesti stefnumótunarráðgjafi landsins. Hann hefur leitt á fjórða tug stefnumótunarverkefna og starfað með fjölmörgum af 300 stærstu fyrirtækjum landsins á sviði stefnumótunar, markaðs- og þjónustumála sl. ár auk kennslu við HR. Kristinn er með vottun í 4DX aðferðarfræðinni og starfar með teymi FranklinCovey á Norðurlöndunum.



**Andri Þór Guðmundsson** forstjóri Ölgerðarinnar og **Stefán Sigurðsson** forstjóri Vodafone munu deila reynslusögum af innleiðingu 4Dx í fyrirtækjum sínum og sitja fyrir svörum í lokin.



**FranklinCovey**  
www.franklincovey.is

**expectus**  
www.expectus.is

Fjárfestar fá lykilupplýsingar um meira en 800 ólík fyrirtæki:

## Nasdaq semur við Morningstar

Greiningarfyrirtækið Morningstar, sem er leiðandi í óháðum markaðsgreiningum, hefur valið til að bjóða upp á „Company Fact Sheet“-þjónustu fyrir skráð fyrirtæki á Nasdaq á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum. Með þjónustunni fá fjárfestar aðgang að lykilupplýsingum fyrir meira en 800 fyrirtæki sem skráð eru á aðalmörkuðum Nasdaq á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum.

Bankar, fjölmiðlar og fleiri aðilar munu fá bréf í dag þar sem tekið er fram að þeim sé heimilt að birta þessar upplýsingar á sínum síðum endurgjaldslaust. Að auki verður þjónustan aðgengileg til niðurbals á vefsíðum Nasdaq Nordic og Eystrasaltsríkjanna. Þjónustan er ókeypis og mun Morningstar uppfæra gögnin daglega. Um er að



**KAUPHÖLL ÍSLANDS** Þjónustan Company Fact Sheet verður aðgengileg á vefsíðum Nasdaq Nordic og Eystrasaltsríkjanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ræða tveggja síðna yfirlit fyrir hvert skráð félag sem mun innihalda upplýsingar um meira en 100 undirstöðuatriði, þar á meðal fjárhagsupplýsingar og frammi-stöðugreiningu. -jhh

Fjölskyldufyrirtækið Pfaff hf. á 229 milljónir í óráðstöfuðu eigin fé:

## 34 milljónir í hagnað

Hagnaður fjölskyldufyrirtækisins Pfaff hf. nam 33,8 milljónum króna á árinu 2014 og jókst um rúmar tólf milljónir frá fyrra ári. Þetta má lesa úr ársreikningi sem sendur var ársreikningaskrá á fimmtudag í síðustu viku. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir nam 44,9 milljónum króna en var 29,1 milljón árið á undan. Eignir félagsins nema samtals tæplega 283 milljónum króna, þar af er eigið fé tæplega 229 milljónir króna, sem þýðir um 81 prósent eiginjárhlutfall. Þar af er óráðstafað eigið fé um 229 milljónir króna.

Gert er ráð fyrir að fimmtán milljónir verði greiddar í arð fyrir




**HJÚ PFAFF** Margrét Kristmannsdóttir er framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

síðasta reikningsár. Pfaff hf. er í eigu Kristmanns Magnússonar og fjölskyldu hans. Dóttir Kristmanns, Margrét, er framkvæmdastjóri félagsins. -jhh

# „UMBÚÐIRNAR? ÉG FÆ ALLT HEILA KLABBID HJÁ ODDA“




ODDI HEFUR FRAMLEITT ALLSKONAR PAPPÍRS-, KARTON- OG PLASTUMBÚÐIR Í 80 ÁR. UMBÚÐIRNAR SVARA ÞÉRUM KRÖFVARDRA VÍÐSKIPTAVINA Í ATVINNULÍFINU, TIL DEÐIS Á VEITINGASTÖÐUM & KAFFIHÚSUM.

→ ODDI.IS / 515-5000



VIÐ ERUM ODDI.  
VIÐ FRAMLEIÐUM UMBÚÐIR.



© RÚN FÍTÓFRING

# Tíu prósent þjóðarinnar taka þátt

Hinn árlegi HönnunarMars fer fram dagana 12.-15. mars næstkomandi. Sara Jónsdóttir, nýr verkefnisstjóri hátíðarinnar, segir að um 2-300 hönnuðir sýni þar verkefni sín og um þrjátíu þúsund Íslendingar skoði það sem í boði er. Áhugi útlendinga eykst sífellt og fjölmargir hönnuðir stofna til viðskiptasambanda á hátíðinni.

## VIÐTAL

Jón Hákon Halldórsson  
jonhakon@frettabladid.is



Hátíðin HönnunarMars fer fram 12.-15. mars næstkomandi og er hún löngu orðin að árlegum viðburði. Sara Jónsdóttir, viðskipta- og markaðsfræðingur, er verkefnisstjóri hátíðarinnar í fyrsta sinn.

„Hönnunarmiðstöð er stofnuð rétt fyrir hrun og þá kom fljótlega til tals að gera hátíð líkt og tíðkast víða erlendis. Þarna voru allar greinar hönnunar komnar saman undir einum hatti Hönnunarmiðstöðvar. Það höfðu áður verið haldnir hönnunardagar en ekki reglulega,“ segir Sara, þegar hún er spurð um tildrögin að því að HönnunarMars varð til. Hún segir að þetta hafi þótt kjör- ið tækifæri, þegar allir voru sameinaðir, til þess að koma íslenskri hönnun og arkitektúr á framfæri. „Og þegar hrúnið varð þá voru allir sammála um að láta það ekki setja strik í reikninginn heldur láta slag standa og keyra á þetta. Og líkt og gerist svo oft í kreppu þá komu skapandi greinar sterkar inn,“ segir hún.

**Hvaða greinar eru mest áberandi á hátíðinni?** „Þessi hátíð er svolítið sérstök fyrir það að þar eru allar greinar hönnunar kynntar; arkitektúr, fatahönnun, vörühönnun, grafísk hönnun auk keramikur, skartgripahönnunar og textíls,“ segir Sara. Hún segir að öllum greinum sé gert jafn hátt undir höfði þótt þær geti verið misjafnlega áberandi frá ári til árs. Þetta sé grasrótáhrif og þess vegna er heilmikil samkeppni um athygli innan hennar. Grafískir hönnuðir séu áberandi í ár, einnig arkitektúr og í ár taki margir fatahönnuðir þátt líka. „Það er svolítið erfitt að benda á hvað verður sterkast,“ segir hún. Almennt sé mikil gróska í hönnun. Það hafi til dæmis verið augljóst í haust þegar Hönnunarverðlaun Íslands voru afhent í fyrsta sinn. „Það er mikið og faglegt starf sem er unnið og gaman að sjá hvað breiddin er mikil og margt er í gangi,“ segir Sara.

## Byrjar með DesignTalks

Ráðstefnan DesignTalks markar upphaf HönnunarMars. Þar sýnir einvalið alþjóðlegra hönnuða og arkitekta fram á mikilvægi leiks í hönnun og nýsköpun og fjallar um helstu strauma og stefnur. Yfirskriftin er Play Away. „Hlín Helga Guðlaugsdóttir upplifunarhönnuður er listræn stjórnandi. Við höfum fundið fyrir því að margir hönnuðir eru að vinna með þessa yfirskrift í viðburðunum sínum. Þemað hefur smitast yfir á hátíðina,“ segir Sara.

**Hvaðan koma þessir erlendu fyrirlesarar?** Á meðal helstu fyrirlesara er grafískur hönnuður sem heitir Jessica Walsh frá New York. „Hún er spútnik og undrabarn. Hún er tæplega þrjú og byrjaði að forrita þegar hún var ellefu ára gömul,“ útskýrir Sara. Þegar hún var nýútskrifuð úr námi fór hún að vinna hjá Stefan Sagmeister, einum þekktasta grafíska hönnuði í heiminum, sem gerði hana fljótt að meðeiganda í fyrirtækinu sínu. „Hún hefur unnið mjög áhugaverð verkefni, meðal annars mjög þekkt verkefni sem heitir „40 days of dating“. Hún og félagi hennar ákváðu að fara á 40 stefnumót á 40 dögum hvort með öðru og blogguðu um það í hvort í sínu lagi. Þau sáu ekki blogg færslur hvort annars en aðrir gátu séð þær. Þau eru bæði grafískir hönnuðir og þetta var því allt gert á mjög fallegan hátt. Síðan var gefin út bók um þetta sama efni og núna er Warner búin að kaupa kvikmyndaréttinn á bókinni,“ segir Sara. Af öðrum hönnuðum nefnir Sara Walter Van Beirendonck sem er belgískur fatahönnuður og frumkvöðull á sviði herratísku, hugmyndasmiður með meiru, Martí Guixé, vöru- og innanhúshönnuð frá Spáni, sem hannaði m.a. Camper-verslanirnar. Hann er líka frumkvöðull í matarhönnun og stýrir fyrsta meistaranámi í matarhönnun í heiminum. Julien de Smedt er frumkvöðull á sviði arkitektúrs og Anthony Dunne á sviði hönnunar og samskipta.

Hönnun er sífellt að þróast og tengist sterkar öðrum greinum. Sara nefnir sem dæmi



STÝRIR Í FYRSTA SINN Sara Jónsdóttir hafði unnið víða þegar hún ákvað að gerast verkefnastjóri HönnunarMars hjá Hönnunarmiðstöð Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

matarhönnun sem snýst, eins og heitið gefur til kynna, um hönnun á mat. „Þetta snýst ekkert endilega um matreiðsluna, heldur þróun vörunnar sjálfar, nálgunina og konseptið og að vinna með mat í upplifun. Hér á landi hafa komið fram ýmis skemmtileg verkefni í matarhönnun. Til dæmis stefnumót hönnuða og bænda sem var verkefni sem Listaháskóli Íslands leiddi en þar voru gerðar tilraunir með nýjar leiðir í matvælaþróun og ýmsar skemmtilegar vörur urðu til eins og skyrkonfekt,“ segir Sara.

## Faglegt starf

Sara segir að menntun í hönnun hér á landi sé mjög fagleg og hingað til lands komi erlendir stúdentar að læra hönnun. „Listaháskólinn stendur sig vel í þeim efnum. Hönnunarmiðstöð fékk til sín hóp í haust frá Listaháskólanum og kynningin varð að fara fram á ensku því að svo margir úr hópnum töluðu ekki íslensku,“ segir hún. Það séu líka margir sem komi hingað til lands til að vera viðstaddir HönnunarMars. „Við eigum erfitt með að mæla fjölda erlendra gesta nákvæmlega því margir kaupir sig ekki inn á hátíðina í heild. Við seljum HönnunarMarspakka í samstarfi við Icelandair og Pink Iceland og reynum að halda vel utan um alla gesti sem við vitum af. Talan hefur smám saman verið að vaxa þannig að við eigum von á um 4-500 erlendum gestum í ár,“ segir Sara. Þá sé erlendum sýnendum alltaf að fjölga. „Hátíðin hefur spurst mjög mikið út erlendis og hún þykir sérstök og áhugaverð,“ segir Sara. Hún bendir á að hönnunarhátíðir erlendis séu oft nokkuð lokaðir fagviðburðir sem almenningur hafi ekki greiddan aðgang að. „Hér fer hátíðin fram um alla borg og er fyrir alla sem er auðvitað eitt af því sem laðar að erlenda gesti,“ segir Sara. Hún segir að um 30 þúsund Íslendingar sækji hátíðina ár hvert. „Við erum ein af fjórum stærstu hátíðunum í Reykjavík,“ segir Sara.

**Fer fjöldi Íslendinga vaxandi?** Sara segir að fjöldi Íslendinga hafi verið nokkuð stöðugur síðustu þrjú árin að minnsta kosti. „Tíu prósent þjóðarinnar taka þátt og við biðjum

ekki endilega um meira. Það eru haldnir viðburðir út um allan bæ, oft eru um 2-300 hönnuðir sem sýna á um 100 viðburðum. Fólk hefur almennt mikinn áhuga á hönnun og því sem er að gerast,“ segir hún. Það sé auðveldara fyrir fólk núna að átta sig á því hvað íslensk hönnun er en nokkru sinni fyrr. HönnunarMars hafi átt mikinn þátt í að auka meðvitund fólks.

Þá segir Sara að HönnunarMars sé mikil hátíð tengslamyndunar. „Íslenskir hönnuðir kynnast innbyrðis og kynnast erlendum kaupendum. Við erum með kaupstefnudag á föstudeginum og fáum mjög flott erlend fyrirtæki og kaupendur þangað til fundar við íslenska hönnuði. Hingað hafa komið toppstjórnendur frá fyrirtækjum eins og Iittala, Artek, Normann Copenhagen, Hay, Design House Stockholm og fleiri,“ segir Sara. Erlendu kaupendurnir fá umsóknir frá íslenskum hönnuðum og velja út frá þeim hverja þeir vilja hitta. „Þetta er mjög markviss kaupstefna og úr verða viðskipti og ný samstarfsverkefni,“ segir Sara. Hún segir að nokkuð margir hönnuðir hafi náð samningum erlendis í gegn um DesignMatch og erlendu kaupendum finnst þetta mjög áhugavert og sérstakt verkefni hjá okkur. Bryndís Bolladóttir hefur til dæmis hannað fyrir Normann Copenhagen og Hildigunnur og Snæfríð fyrir Wrong for Hay,“ segir Sara.

**Hafið þið náð að fylgjast með árangri þeirra sem eru að sýna á hátíðinni?** „Já, við erum í mjög góðu samtali við hönnuðina. Þeir hafa margir hverjir náð góðum árangri. HönnunarMars er allt frá því að vera skemmtileg borgarhátíð yfir í viðskipta- stefnumót og við erum að ná til margra markhópa í einu. Þarna verða til tengsl sem verða oft upphaf að einhverju stærra,“ segir Sara. Hún segir að það hafi orðið til mjög skemmtilegir og oft óvæntir samstarfsfletir þegar erlendir aðilar koma hingað og eru að sýna.

Hún segir að einnig komi fjöldi blaðamanna til landsins. „Fyrst þurftum við að hafa fyrir því að bjóða þeim en núna eru blaðamenn farnir að sækja í að koma sjálf-

“Hingað hafa komið toppstjórnendur frá fyrirtækjum eins og Iittala.“

ir, sem er frábært,“ segir Sara. Hún segir blaðamennina helst koma frá Evrópu og Bandaríkjunum.

Sara segir að hátíðin velti um 30 milljónum og eigin tekjur hafa verið að aukast á undanförunum árum. Reykjavíkurborg sé stærsti styrktaraðili hátíðarinnar en mörg fyrirtæki vinni með stjórnendum í því að byggja verkefni upp. „Þetta eru fyrirtæki sem skilja mikilvægi þolinmæði í frumkvöðla- og uppbyggingarstarfi eins og fram fer á HönnunarMars. Þau átta sig á að verkefnum sem snúa að samfélagsábyrgð fylgi ekki „instant gratification“ sem við erum ákaflega þakklát fyrir,“ segir Sara.

Hún leggur áherslu á að hugmyndin sé ekki að HönnunarMars skili hagnaði til Hönnunarmiðstöðvar, bara að hann standi undir sér. Markmiðið sé að hönnuðir og fyrirtæki þeirra fái góðan vettvang til að kynna sig og geti þar með aukið viðskipti sín og hagnað. Þar að auki skapi hátíðin veltu og tekjur fyrir mörg fyrirtæki í borginni og hafi þannig margvísleg og mikilvæg afleidd áhrif, meðal annars fyrir ferðaþjónustu.

„HönnunarMars er langtíma verkefni sem gengur út á að vekja athygli á mikilvægi hönnunar fyrir efnahagslífið og samfélagsþróun. Við höfum nú þegar náð heilmiklum árangri því fyrirtæki og stofnanir eru í vaxandi mæli farin að horfa út fyrir sínar hefðbundnu leiðir í vörubrúun og markaðsstarfi. Við finnum fyrir vaxandi áhuga á því sem við erum að segja og aukinni eftirspurn eftir þjónustu hönnuða og arkitekta. DesignTalks-dagurinn í Hörpu er mjög mikilvægur í þessu sambandi því þangað geta þeir sem þurfa að fylgjast með helstu straumum og stefnum sótt sér góðan innblástur,“ segir Sara.

# TÖKUM GAMLA PRENTARA UPP Í NÝJA EPSON PRO FYRIR 20.000 KRÓNUR!

ALLT AÐ 50% LÆGRI PRENTKOSTNAÐUR



69.990  
~~VERÐ 89.990~~

29.990  
~~VERÐ 49.990~~

49.990  
~~VERÐ 69.990~~

**EPSON**

WorkForce Pro



SKOÐA BÆKLING

## LOSADU FYRIRTÆKIÐ VIÐ ÓHAGKVÆMA PRENTARA

Það er ekki verðið á prentaranum sem skiptir mestu máli, heldur kostnaðurinn við að reka hann. Ódýrustu prentararnir eru yfirleitt dýrastir þegar upp er staðið. Komdu með gamla og óhagkvæma prentara til okkar og leyfðu okkur að farga þeim við hátíðlega athöfn. Í staðinn færðu glænýjan Epson WorkForce Pro með 20.000 króna afslætti, nýjustu tækni og getur lækkað prentkostnað um allt að 50% í samanburði við vinsæla laserprentara. Sparnaður sem getur numið hundruðum þúsunda hjá fyrirtækjum sem prenta mikið.

Nánari upplýsingar í s. 414-1710 og sala@tl.is

tl.is

**TÖLVU  
LISTINN**

FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA

# Stefnir á að hlaupa maraþon í Chicago

**Sigþór Jónsson var í síðustu viku ráðinn framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa. Sigþór er mikill íþróttamaður, spilaði knattspyrnu með Völsungi og hefur nokkrum sinnum hlaupið maraþon.**

Sigþór Jónsson var í síðustu viku ráðinn framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa hf. Hann var áður framkvæmdastjóri Straums sjóða hf. og þar áður gegndi hann störfum framkvæmdastjóra Landsbréfa hf. Hann hefur einnig verið forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga hjá sjóðastýringar-fyrirtækinu Stefni hf. og leiddi þar meðal annars uppbyggingu innlendra framtakssjóða félaganna.

Íslensk verðbréf eru með höfuðstöðvar á Akureyri. Spurður hvort til standi að flytja norður segir Sigþór að hann sé að minnsta kosti kominn með annan fótinn þangað. „Ég er fæddur og uppalinn á Húsavík,“ segir Sigþór og

það geti því vel komið til greina að búa fyrir norðan.

„Íslensk verðbréf eru afar spennandi félag. Það rekur sögu sína allt til ársins 1987 og hefur á þessum tæplega þrjátíu árum náð sterkri stöðu í eignastýringu á íslenskum fjármálamarkaði,“ segir Sigþór, spurður um það hvað hafi heillað við nýja vinnu. Félagið sé farsælega rekið, annálað fyrir fagleg vinnubrögð og gott starfsfólk. „Það er ógrandi verkefni að byggja ofan á þennan trausta grunn. Á undanförunum árum hefur ríkt ákveðin óvissa um eignarhaldið á félaginu sem e.t.v. hefur haft einhver hamlandi áhrif. Þeirri óvissu hefur

nú að hluta til verið eytt og um leið getur skapast þægilegra andrúmsloft til að nýta þau sóknar-tækifæri sem gefast. Íslensk verðbréf eru eitt sterkasta vörumerkið á eignastýringarmarkaðnum og við munum líta til ýmissa tækifæra sem sú staða skapar okkur,“ segir Sigþór. Í dag fer Straumur fjárfestingabanki hf. með 58 prósent hlut í Íslenskum verðbréfum hf., í gegnum Íslenska eignastýringu ehf., og svo eiga lífeyrissjóðir um 40 prósent. Fyrirtækið var með 112 milljarða í eignastýringu í lok síðasta árs.

Helstu áhugamál Sigþórs eru ferðalög og hlaup og svo er hann að byrja hjólreiðar líka. „Mig



TIL STARFA Á AKUREYRI Sigþór er alinn upp á Húsavík og þekkir því Norðurlandið vel.

FRÉTTABLAÐID / STEFAN

## TEFLONHÚÐAÐUR EINS OG PÖNNURNAR GÓÐU



Sigþór er afskaplega góður bróðir sem er ávallt til staðar. Hann er alveg ofboðslega samviskusamur. Allt sem hann tekur sér fyrir hendur er gert alveg 110 prósent. Hans helsti veikleiki er hins vegar óstundvísi. Maður man eftir honum að læra fyrir próf og það var alltaf bara nóttina fyrir, en aldrei fékk hann slæma einkunn. Þegar hann var að gera mastersritgerðina þá hafði hann engan tíma og ég veit ekki hvernig hann gerði þetta og hvenær. Hann var ósáttur við ritgerðina en fékk samt hæstu einkunn. Þannig að hann er harður við sjálfan sig.

**Soffía Dagbjört Jónsdóttir** verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg og systir Sigþórs.



Hann var ótrúlega lunkinn í gamla daga við það að koma sér í alls konar vandamál en það er enginn sem ég þekki sem er eins duglegur við að koma sér úr þeim aftur. Hann þjálfaðist mjög vel í því að gera gott úr hlutunum og nær að spila vel úr þeim kostum sem hann hefur hverju sinni. Við vorum saman í háskóla og unnum saman í nokkur ár. Þá hét það Rekstrarfélag Kaupþings en heitir Stefnir núna. Hann er ansi oft á síðustu stundu með hlutina en nær samt alltaf að bjarga sér úr hlutunum. Hann er teflonhúðaður eins og pönnurnar góðu sem ekkert festist á.

**Marínó Örn Tryggvason** forstöðumaður eignastýringar fagfjórfa hjá Arion og vinur Sigþórs

dreymir svo um að taka þátt í Ironman fyrir fertugt. Það er markmiðið um þessar mundir en ég setti mér reyndar sama markmið á sínum tíma fyrir 35 ára afmælið – án þess að drífa mig af stað – hvað þá alla leið,“ segir Sigþór, sem verður fertugur á næsta ári. Svo reynir Sigþór að eiga sem mestan tíma með fjölskyldunni. Hann er trúlofaður Guðrúnu Lilju Tryggvadóttir sérfræðingi á eignastýringasviði Arion banka og eiga þau tvö lítil börn. Sigþór á líka eina dóttur búsetta í Noregi.

Sigþór stundaði flestar íþróttir á sínum yngri árum á Húsavík, spilaði fótbolta með Völsungi og nokkra leiki með meistaraflöknum. Hann segist þó ekki hafa verið landsliðsleikari. Hann hefur hlaupið nokkur maraþon og er skráður í maraþon í Chicago í maí með eldri systur og mági sem eru búsett þar og stefnir á að taka þátt í WOW Cyclothron. „Ég er ansi gjarn á að skrá mig og aðra í alls kyns vitleysu, en það verður stundum minna um efndir, þó eitthvað,“ segir Sigþór. [jonhakon@frettabladid.is](mailto:jonhakon@frettabladid.is)

## Mest seldu sendibílar Evrópu

> Gríðarsterk sendibílalína Ford

Ford hefur hlotið titilinn Sendibíll ársins – International Van of the Year árin 2013 og 2014. Í áratugi hafa fyrirtæki sett traust sitt á styrk, virkni og áreiðanleika Ford Transit enda mest seldu sendibílar Evrópu síðustu 40 ár.

Kíktu í kaffi og spjall. Í sameiningu finnum við hagstæða fyrirtækjalausn fyrir þig.

Brimborg er stærst í sölu atvinnubíla á Íslandi. Veldu traust umboð með einstöku þjónustu-framboði fyrir bíla- og tækjafloða.

**FORD TRANSIT CONNECT**  
FRÁ **2.379.032** KR. ÁN VSK

**FORD TRANSIT CUSTOM**  
FRÁ **3.491.935** KR. ÁN VSK

**FORD TRANSIT VAN**  
FRÁ **4.431.452** KR. ÁN VSK

**Brimborg Reykjavík**  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

[ford.is](http://ford.is)

Nýir og notaðir bílar. Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16. Varahlutaverðun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Transit Connect, EcoBoost bensín 100 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,6 l/100 km. CO2 losun 129 g/km. Verð með bensínvél frá 2.950.000 m/vsk. Ford Transit Connect, 1,6TDCi dísil 75 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,4 l/100 km. CO2 losun 115 g/km. Verð með dísilvél frá 3.210.000 m/vsk. Ford Transit Custom, 2,2TDCi dísil 100 hö., 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,9 l/100 km. CO2 losun 183 g/km. Verð frá 4.330.000 m/vsk. Ford Transit Van, 2,2TDCi dísil 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,3 l/100 km. CO2 losun 194 g/km. Verð frá 5.495.000 m/vsk. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



# SKÝJUNGAR

20 milljónir manna í 14 löndum geta nú fengið betri yfirsýn yfir fjármálin sín með aðstoð Meniga. Það kallar á gríðarlega skjóta og örugga vinnslu upplýsinga hvar í heiminum sem er. Þess vegna leitaði Meniga til okkar.

Tölvuskýin okkar bjóða áður óþekktu möguleika á sjálfvirkni og viðbragðsflýti um leið og kostnaði er haldið í lágmarki. Nýherji býður fjölmargar spennandi nýjungar sem eru í skýjunum.

**Við köllum það skýjungar.**

NÝHERJI ER LEIDANDI FYRIRTÆKI Á SVÍÐI UPPLÝSINGATÆKNI

**Við höfum góða reynslu af framtíðinni!**

BORGARTÚNI 37  
SÍMI 569 7700  
WWW.NYHERJI.IS

  
**NÝHERJI**

Umtalaðasta símtal síðustu ára var kannski stormur í vatnsglasi:

## Símtalið ekki aðalatriði málsins

Það var ómaklegt hjá höfundu Reykjavíkurbrefts Morgunblaðsins um liðna helgi að reyna að skrifa söguna sér í hag þannig að ákvörðun um 500 milljóna evra neyðarlán til Kaupþings banka 6. október 2008, banka sem við vitum núna að var að fara á hausinn á þeim tíma, hafi verið ákvörðun ríkisstjórnarinnar en ekki Seðlabankans.

Neyðarlánið til Kaupþings banka hefur aftur komist í kastljós fjölmiðla eftir dóm Hæstaréttar í Al-Thani-málinu enda má lesa úr þeim frumgögnum, tölvupóstum og símtölum, sem þar eru rakin að Kaupþing banki átti ekki gjaldeyri og var í meiriháttar lausafjárvandræðum aðeins tveimur vikum áður en bankinn fékk nær allan tiltekinn gjaldeyrisforða íslenska ríkisins að láni. Forstjóri Kaupþings banka sagði í tölvupósti 23. september 2008 að bankinn þyrfti að fara í „crisis mode“ vegna lausafjárvandræða, eins og kemur fram í dómi Hæstaréttar. Um þetta hafði hvorki bankastjórn Seðlabankans né ríkisstjórnin nokkra vitneskju.



### Markaðshornið

Þorbjörn Þórðarson  
thorbjorn@stod2.is

Ljóst er hins vegar að báðir voru í góðri trú, seðlabankastjórinn og ráðherrann.

Hvorki forsætisráðherra, né ríkisstjórnin í heild, getur gefið bankastjórn Seðlabanka Íslands bindandi fyrirsmáli um lánveitingar. Það er alveg skýrt í lögnum um Seðlabankann að það er bankans og þar með bankastjórnarinnar að taka ákvarðanir um lánveitingar til þrautavara til fjármálagjafirtækja. Neyðarlánið til Kaupþings banka, sem á endanum kostaði skattgreiðendur 35 milljarða króna, var lánveiting af slíku tagi. Skrif höfundar Reykjavíkurbrefts Morgunblaðsins breyta engu um þetta.

Við vitum hins vegar núna að bankastjórn Seðlabanka Íslands vildi styrkja umgjörð undir þessa ákvörðun með því að hafa að minnsta kosti velvilja forsætisráðherra fyrir henni. Málið var ekki rætt í ríkisstjórn.

Að framansögðu virtu skiptir auðvitað mjög litlu máli hvað kom fram í símtali Geirs H. Haarde og Davíðs Oddssonar þegar umrædd lántaka var rædd fyrir hádegi hinn 6. október 2008. Seðlabankinn var til þess bær að lögum að taka umrædda ákvörðun og lánveitingin hefði aldrei verið veitt væri bankastjórnin andsnúin henni. Davíð sagði sjálfur í viðtali í Kastljósi daginn eftir að algjör eining hefði verið meðal bankastjórnar Seðlabankans um lánið til Kaupþings. „Það var algjör eining um það og ég tilkynnti bankastjóra Kaupþings það að það hefði verið niðurstaðan,“ sagði Davíð í viðtalinu.

Þetta er dálítið kaldhæðnislegt, nánast fyndið, eftir á að hyggja að búið sé að eyða ófáum klukkustundum í umræður um þetta mál í þinginu og fjárlaganefnd þess. Það hefði dugað þingmönnum að lesa löginn um um Seðlabanka Íslands til að átta sig á því að það skipti kannski ekki höfuðmáli hvað kom fram í símtalinu. Í þessu símtali var formaður bankastjórnar Seðlabankans að fá velvilja forsætisráðherra fyrir neyðarláni eftir að bankastjórnin hafði ákveðið að veita lánið og „einhugur“ var hjá bankastjórninni um veitingu þess.

Ljóst er hins vegar að báðir voru í góðri trú, seðlabankastjórinn og ráðherrann, enda var markmiðið með láninu að hjálpa banka sem þeir töldu traustan. Trú þeirra og annarra reyndist á veikum grunni byggð enda að einhverju leyti reist á blekkingum stjórnenda Kaupþings banka.

## Franskir sósíalistar ósáttir við auðjöfurinn Gérard Mulliez



AUÐJÖFRI MÓTMÆLT Á skrifstofum Kommúnistaflokksins í Frakklandi mótmæla menn milljarðamaðringnum Gérard Mulliez, stofnanda smásölurísans Auchan. Sósíalistar hafa látið útbúa veggspjald þar sem Mulliez er kallaður milljarðamaðringur og upphafsmaður kreppu í landinu. Hann græði en almenningur vinni alla vinnuna. Mulliez mætti óvænt á fund ungra sósíalista í Lille í Frakklandi um helgina og mótmælti þar veggspjaldinu.

NORDICPHOTOS/AFP

## Nýsköpunarmiðstöð Íslands átta ára



### Skoðun

Þorsteinn I. Sigfússon,  
forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Fyrir átta árum hófst starfsemi nýrrar stofnunar hér á landi þar sem steipt var saman Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins með nýjum lögum. Nýsköpun er ein undirstaða hagvaxtarins sem þjóðarbúið þarf til að halda samkeppnisstöðu sinni á alþjóðlegum markaði. Það er ljóst að hér á okkar litla landi erum við ekki að keppa innbyrðis um fyrirtækin og frumkvöðlana, heldur erum við í samkeppni við það sem best gerist í hinum stóra heimi. Það er allra hagur að byggja upp fjölbreytt atvinnulíf og nýta vel þær auðindir sem fyrir hendi eru, en ekki síður að hlúa að hugvitinu og skapa ný atvinnutækifæri á grundvelli þess. Hafa ber í huga að það er mjög auðvelt að fletja á milli landa fyrirtæki og störf, sem byggja á hugviti og að sjálf-sögðu leita forsvarsmenn fyrirtækja í ákjósanlegustu aðstæður sem völ er á. Það eru fyrirtækin sem skapa arð og aukin framleiðni þeirra skapar hagvöxt. Til að skapa fyrirtækjunum ákjósanlegt starfsumhverfi þurfa aðstæður hér heima fyrir að vera á

meðal þess sem best gerist á samkeppnisvæðum okkar.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur þá sérstöku og eftirsóknarverðu stöðu að einbeita sér að verkefnum sem að jafnaði eru komin frá stigi grunnrannsóknna og nálgast framleiðslu eða markaðssetningu vöru og þjónustu. Um leið forðast stofnunin að vera í samkeppni þar sem markaðurinn er að sinna hlutverki sínu með ákjósanlegum hætti. Starfsfólk miðstöðvarinnar á samtöl við þúsundir frumkvöðla og fyrirtækja á ári hverju og hefur nán tengsl við fjöldann allan af sprotafyrirtækjum bæði á frumkvöðlasætrum og víðsvegar um landið.

Í samvinnu við Reykjavíkurborg var setur skapandi greina opnað við Hlemm, en það samanstendur af þremur setrum, sem eru Tónlistarklasinn, Gasstöðin og Hellirinn. Með opnun þessa seturs skapast sérlega góð aðstaða fyrir frumkvöðla og fyrirtæki á breiðu sviði skapandi greina til að vinna að viðskiptahugmyndum sínum auk þess sem þetta framtak hefur sett nýjan og jákvæðan svip á svæðið í kringum Hlemm. Rannsókn sem gerð var við Uppsala háskóla á árinu og bar saman frumkvöðlasetur okkar við sambærilegt setur í Evrópu leiddi til afar góðra niðurstaðna okkur í hag.

Ál- og kísilframleiðsla eykst mjög hér á landi. Nýsköpunarmið-

stöð svaraði kalli nýsköpunarráðherra á árinu og setti á stofn ál- og kísilþróunarsetur þar sem löng reynsla okkar og þekking er beisl- uð til þess að þjóna þörfum hins vaxandi iðnaðar.

Í samvinnu við Fjölbrotaskólann í Breiðholti, Reykjavíkurborg og menntamálaráðuneytið setti stofnunin á fót nýja FabLab-smiðju í Eddufelli í Breiðholti á árinu. Verkefnið hefur tekist með ágætum. Eins var opnuð ný FabLab-smiðja á Norðfirði og bætast þessar smiðjur við starfsemi miðstöðvarinnar á þessu sviði í Vestmannaeyjum, á Ísafirði og Sauðárkróki.

Loks ber að geta að þátttaka okkar í starfi íslenska jarðvarmaklasans hefur verið farsæl. Energy Start-up ræsingarverkefni þar hafa tekist með ágætum. Ræsingarverkefni Nýsköpunarmiðstöðvar víða um land munu fylgja í kjölfarið en þessi verkefni eru til að draga fram nýjar viðskiptahugmyndir á viðkomandi svæðum, meta þær faglega og styðja þær sem skara fram úr til frekari ávinnings. Fyrsta ræsingarverkefnið var gangsett í Skagafirði sl. haust með afar góðum árangri. Fram undan eru ræsingarverkefni í Fjallabyggð, á Austfjörðum og víðar.

Verið velkomin á ársfund Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Hilton Nordica í fyrramálið.

## Eftir hverju er verið að bíða?

### Hin hliðin

Rakel Sölvadóttir  
stofnandi Skema  
og reKode



Í dag skiptast þjóðartekjur milli fjögurra þátta; sjávarútvegs, stóriðju, ferðaiðnaðar og annars. Undir þetta „annað“ fellur hugverkið og það er þar sem við getum komið Íslandi á kortið sem frumkvöðli í tækni, tæknimenntun og rannsóknunum. Í skýrslu Porter, Delgado-Garcia, Ketels og Stern um samkeppnisstuðul er fjallað um mikilvægi þekkingar og að þekking sé einn stærsti lykilþátturinn í framleiðni og þar af leiðandi hagvexti þjóða. Þetta meikar fullkominn sens svo ég sletti nú aðeins. Hvernig þekkingu

þurfum við helst á að halda í dag og inn í framtíðina?

Þurfum við þekkingu sem gengur á auðlindir landsins? Þurfum við þekkingu til að planta niður fleiri álverum og áburðarverksmiðjum sem flytja tekjurnar úr landi? Hagkerfi framtíðarinnar byggist á tækni, tæknilæsi og tæknisköpun en því miður er allt of algengt að nemendur velja sig frá tæknigreinum sem ýtir undir viðvarandi skort á menntuðu tæknifólki. Vandinn snýr ekki eingöngu að því að fyrirtæki vanti tæknimenntað fólk – stærsta vandamálið er að ungt fólk og þá sérstaklega ungar konur velja sér síður tækninám þegar í framhaldsskóla og háskóla er komið. Ein af

ástæðunum er sú að nemendur fá ekki tækifæri til að kynna þvi hvernig hægt sé að nýta tæknina á skapandi máta á fyrri skólástigum og öðlast þannig grunnþekkingu og skilning á tækni og forritun.

Menntakerfinu er oft líkt við stórt olíuskip og að það taki langan tíma að snúa því eftir að ákvörðun hafi verið tekin. Í tilfalli Íslands höfum við ekki einu sinni þessa ákvörðun. Nítján af 20 ríkjum Evrópu sem svöruðu könnun Evrópska skólanetsins eru búin að innleiða forritun eða við það að innleiða hana. Ísland er hér eftirbátur og svaraði ekki einu sinni könnuninni. Formleg ákvörðun hjá menntamála- yfirvaldinu um innleiðingu á forritun í

grunnskóla landsins væri öflugt skref að taka. Í framhaldinu væri hægt að veita skólakerfinu og atvinnulífinu stuðning við að snúa skipinu. Þetta þarf ekki að vera svona erfitt og flókið – hið opinbera má leita til atvinnulífsins eftir stuðningi og sérþekkingu! Það er komið nóg af endalausum starfshópum og rykföllnum skýrslum og kominn tími á framkvæmdir. Tækninám leggur grunn að grundvallarfærni nemenda á vinnumarkaði 21. aldarinnar. Hagvöxtur er háður þekkingu og við verðum því að hefjast handa við að efla menntakerfið í takt við tæknipróunina og gefa Íslandi „Forskot til framtíðar“. Eftir hverju er verið að bíða?

# F

Fríðrik Ottó Ragnarsson



Áður járnsmiður. Vinnur nú í íbúðakjarna fyrir geðfatlaða.



MED TROMP Á  
HENDI FRÁ VIRK



Pegar einstaklingur missir starfsgetu vegna slyss eða veikinda snýr VIRK spilinu við með markvissri uppbyggingu og sérfræðistuðningi. Fjölbreyttur hópur fagaðila um allt land vinnur að árangursríkri starfsendurhæfingu sem skilar sterkum einstaklingum aftur út á vinnumarkaðinn.



Starfsendurhæfingarsjóður  
Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík, sími 535 5700  
www.virk.is

Fríðrik Ottó missti föður og eiginkonu með stútu millibili og slasaðist ári síðar illa í bilslýsi. Hann nauð stuðnings VIRK með göðum árangri.



Fríðrik Ottó Ragnarsson

# F

## 10.000 TONNA GEYMSLA

### Eimskip byggir í Hafnarfirði

Eimskip hefur samið við VHE, Kælismiðjuna Frost og Suðurverk um byggingu á 10.000 tonna frystigeymslu á athafnasvæði félagsins í Hafnarfirði. Í tilkynningu segir að gert sé ráð fyrir að fyrsti áfangi nýrrar frystigeymslu verði tilbúinn til notkunar á þriðja ársfjórðungi 2015 og verkinu verði að fullu lokið fyrir árslok.

## 11,6 MILLJARÐA LÁN

### HB Grandi lýkur fjármögnun

HB Grandi hefur gengið frá lánsfjármögnun tveggja uppsjávarskipa sem pöntuð voru frá Celiktrans Deniz Insaat-skipasmíðastöðinni ásamt endurfjármögnun á eldri langtímalánum við Arion banka hf. og DNB Bank ASA. Fjármögnunin er alls 77 milljónir evra, eða 11,6 milljarðar króna, sem dregið verður á í þremur hlutum og mun lántími hvers ádráttar vera 5 ár.



**23.02.2015** Þetta eru vonbrigði. Við höfðum vonast til þess að sjá nýtt frumvarp og lög sem myndu gera það að verkum að það yrði meira rekstraröryggi í greininni. Að menn hefðu meiri sýn á það hvernig framtíðin yrði. Það að þetta sé enn þá hitamál og ósátt um það, þýðir að óvissan er allavega nokkur og það er vont fyrir atvinnugrein sem er fjárfestingafrek eins og sjávarútvegurinn er.

*Kolbeinn Árnason,*  
frankvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi



## STJÓRNAR- MAÐURINN

### Átta ástæður til að stunda ekki viðskipti á Íslandi:

1. Það þarf að leggja út tæpar 650 þúsund krónur til að stofna einkahlutafélag. Í Bretlandi þarf tvö hundruð krónur. Þetta skiptir miklu máli fyrir smærri félög.
2. Íslenskir fatakaupmenn greiða tvöfaldan toll af vörukaupum. 15% þegar varningur lendir innan Evrópusambandsins, frá Kína eða sambærilegu framleiðslulandi, og svo aftur við flutning frá Evrópu til Íslands. Eru stjórnvöld undrandi á því að H&M er sagt vera með 30% markaðshlutdeild á Íslandi án þess að reka verslun hér á landi?
3. Fyrirtækjaskrá neyðir þig til að borga 25 þúsund krónur í þjónustugjöld til bankans fyrir að fá skráða íslenska kennitölu á erlent félag. Þetta snýst um eitt eyðublað; það er ekki hlutverk opinberra aðila að innheimta gjöld fyrir einkarekna banka.
4. Afgreiðsla hjá opinberum aðilum á borð við skattayfirvöld og fyrirtækjaskrá er tilviljanakennd, seinvirk, og einkennist af tortryggni. Hvernig má það vera að ekki sé allt orðið rafrænt hjá fyrirtækjaskrá árið 2015?
5. Umræða í fjölmiðlum er óvinveitt erlendum fjárfestum. Kröfuhafar bankanna eru iðulega kallaðir „hrægammar“ eða „hrægammastjórir“. Vissulega er rétt að í einhverjum tilvikum eru kröfurnar í eigu aðila sem stunda það að fjárfesta í „eitruðum“ eignum. Þó eru þessar kröfur keyptar í samræmi við gildandi reglur, og af fyrri kröfuhöfum sem stofnuðu til viðskipta í góðri trú. Sama gildir um Huang Nobu – tókst einhverjum einhvern tíma að færa sönnur fyrir því að hann gengi erinda vondra kínverskra kommúnista þegar hann sýndi áhuga á að kaupa eyðijörð í einkismannslandi?
6. Óstöðugt stjórnarfar. Kröfuhafar bankanna hafa þurft að búa við stöðugar lagabreytingar og hringlandahátt frá hrúni. Við ríkisstjórnarskipti verður nánast alltaf 180 gráðu umturnun á öllum málum. Það er forsenda þess að laða að erlenda fjárfesta, að stöðugleiki sé tryggður. Frá því er langur vegur á Íslandi.
7. Ríkið er með puttana í of mörgum þæum. Opinberir aðilar hafa niðurgreitt innlendar landbúnaðarvörur til sölu erlendis, t.d. í Whole Foods í Bandaríkjunum. Ávinningur íslenskra bænda af því er í besta falli enginn. Þrátt fyrir áratugareynslu af vonlausum útrásardraumum, hafði MS fyrir því að eltast við íslenskan mann sem seldi skyr í Bandaríkjunum, Siggí's Skyr. Siggí náði margföldum árangri MS, með brotabroti af kostnaðinum, og seldi síðar félagið. Væri ekki nær að veita honum verðlaun?
8. Gjalddeyrishöftin.



# BRUNALIÐIÐ

## Á LEIÐinni í ELDBORG

**OFURGRÚPPA ÍSLANDS SNÝR AFTUR 18. APRÍL**

**19:30 – UPPSELT**  
**22:30 – AUKATÓNLEIKAR KOMNIR Í SÖLU**

Það er sannarlega stórviðburður þegar sjálft Brunaliðið kemur saman aftur eftir 35 ára hlé. Það er við hæfi að Maggi Kjartans, Diddú, Pálmi, Maggi Eiríks, Laddi og öll hin rísi úr öskunni í Eldborg og kveiki ærlega í mannskapnum. Ég er á leiðinni, Eiskonar ást, Sandalar og allir hinir smellirnir fá að óma. Tryggðu þér miða strax. Það er ÚTKALL!

MÍÐASALA Á [HARPA.IS](http://HARPA.IS) OG [MIDI.IS](http://MIDI.IS)

 HARPA [DÆGURFLUGAN](http://DÆGURFLUGAN)